

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 366/1994.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ólafi Hauki Haraldssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og eru þau réttilega heimfærð þar til refsíákvæða. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, að því er ákærða varðar.

Dæma verður ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Ólaf Hauk Haraldsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 21. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við

Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-472/1994: Ákærvaldið gegn X og Ólafi Hauki Haraldssyni, sem dómtekið er sama dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. júní 1994, „á hendur Ólafi Hauki Haraldssyni, Vesturbergi 115, fæddum 22. apríl 1974, fæðingarnúmer 550, og X [...], báðum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í september 1993:

1. Fyrir að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 29. september brotist í félagi inn í veitingahúsið Blástein, Hraunbæ 102, Reykjavík, og stolið 67 bjór-flöskum og um 4.000 krónum.

2. Næstu nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Hexa, Skemmuvegi 10, Kópavogi, og stolið 5 samfestingum, 110 skyrtum, tvennum buxum og leðurjakka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu krefst Kjartan Daníelsson, kt. 070362-4309, skaðabóta, 19.500 kr.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Með skýlausri játningu ákærða X þykir vera sannað, að hann hafi framið brot þau, sem hann er saksóttur fyrir, og brotið það lagaákvæði, sem í ákæru greinir. Refsing ákærða, sem hefur ekki fyrr sætt refsingu, svo að þýðingu hafi fyrir mál þetta, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ólafur Haukur Haraldsson var dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga 30. apríl 1993. Þá var ákærða gert að greiða 90.000 króna sekt og sæta því að vera sviptur ökurétti í 3 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga 4. febrúar sl. Samkvæmt 60., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, ber að dæma upp skilorðsdóm frá 30. apríl 1993 og gera ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir bæði málin. Þykir refsingin vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, en ekki er fallist á þá kröfu ákærvalds, að ákærðu verði dæmdir til að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, enda sætir mál þetta meðferð samkvæmt 125. gr. laga um meðferð opinberra mála og er hvorki sótt né varið. Ekki eru lagaskilyrði til þess að dæma ákærðu til að greiða saksóknarlaun fyrir það eitt að gefa út ákæru og mæta í málinu, enda verður ekki séð, að breytingar á réttarfarsreglum 1. júlí 1992 hafi átt að gera hlut sakborninga síðri að þessu leyti en var fyrir gildistöku laga nr. 19/1991.

Ákærðu hafa mótmælt bótakröfu, og með því að hún gengur lengra en verknaðarlýsing í ákæru, verður henni vísað frá dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Haukur Haraldsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar.

Skaðabótakröfu Kjartans Daníelssonar er vísað frá dómi.
